

Um yfirsetumenn og jafnrétti – pistill 17.05-2017

Karlmenn eru horfnir úr stétt yfirsetufólks (ljósfaðir, ljósmóðir), fræði þess heitir nú ljósmóðurfræði. „Eini karlmaðurinn sem vitað er til að hafi tekið próf í yfirsetufræðum var *Jón Halldórsson* frá Arndísarstöðum í Eyjardalsársókn í Þingeyjarsýslu, fæddur um 1730. Hann tók prófið 26. mars árið 1776, hjá Jóni Péturssyni fjórðungslækni á Norðurlandi. Jóni Halldórssyni var mismunað vegna kynferðis síns því hann fékk ekki þóknun úr konungssjóði eins og hluti starfandi ljósmæðra á síðari hluta 18. aldar. Íslenskir ráðamenn, þar á meðal Jón Sveinsson landlæknir, töldu hann eiga rétt á þóknun, en ekki var lagalegur grundvöllur fyrir því að úthluta karlmanni úr sjóðnum.“ (<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=2206>)

Þetta minnir mig á umleitan langafa mín, Friðriks Benónýssonar í Gröf í Vestmannaeyjum, sem sótti um sérstakan styrk til sýslunefndar til að geta sinnt dýra- og kvenlækningum - sem ljósfaðir. Hetjuhjólin í Gröf, Oddný og Friðrik, átt sæg barna, og mér ekki örgrannt um, að langafi hafi tekið á móti þeim mörgum.

En hér fylgir til fróðleiks áhugasömum frásögn af íslenskum ljósfeðrum: Þorsteinn Þorleifsson (1824-1882), var ættaður úr Vatnsdal í Húnaþingi, vermaður á Álfanesi, stundaði klénsmiðanám (járn- og/eða blikksmíði) í Reykjavík og Kaupmannahöfn. Þjó síðari hluta ævinnar að Kjörvogi (Kervogi) í Reykjavíri í Strandasýslu, bóndi, veðurathuganamaður, útvegsmaður og smíður á járn og tré. Hann var sagður dverghagur þúsundþjalasmiður og hugvitsmaður mikill. Menntafrömuður var hann einnig, gaf út lærdómskver og hagnýtar leiðbeiningar um járnsmíði. Smíðaði m.a. bátavindur (hugsanlega þær fyrstu á Íslandi), glímdu við smíði eilífðarvélar, hannaði og smíðaði róðrarvél og áhöld ýmis konar, sem hann nýtti við lækningar, einkum sem ljósfaðir eða yfirsetumaður. Talið er, að hann hafi tekið á móti tveim hundruðum barna eða svo.

„Sú sögn gekk á sínum tíma að einhvers ólærður ljósfaðir hafi hjálpað konu sem var með svo þrönga grind að barnið komst ekki í gegn. Á hann að hafa sagað lífbeinið í sundur og bjargað þannig bæði móður og barni. Hvort það var Þorsteinn eða ekki er útilokað að komast að, en víst er að nafn hans hefur verið nefnt í þessu tilviki.“ (Hallgrímur Gíslason. Klénsmiðurinn á Kjörvogi. Hólar 2014.)

Eyjólfur Jónsson (16.10.1822 – 03.11.1896) bóndi í Rófuhlíð, Flateyjarsókn, í Bjarneyjum 1881-1896. „Eyjólfur [var] laginn sjómaður, en þótti sjódeigur. Hann var ófriður maður, eins og þeir frændur margir, mjög svartur, bæði á hár og hörund, enda á stundum nefndur Eyjólfur „svarti,“ vel í vexti, stórórður og ekki nettmenni í háttum, var þó undir niðri blíðlyndur.“ Bergsveinn Skúlason segir svo frá Eyjólfu í Rófubúð: „Eyjólfu í Rófubúð voru léðar þær líknarhendur og sú íþrótt lagin umfram aðra stéttarbræður sína, er gerði hann mjög umtalaðan og vinsælan, ekki sízt meðal kvenna. Hann var yfirsetumaður, ljósfaðir, svo góður, að undrum þótti sæta. Það veit enginn, hvaðan hann Eyjólfur hefur þetta, sögu konurnar í Bjarneyjum, og voru undirfurðulegar á svipinn. Skyldi hans hafa verið vitjað af huldukonu.

Sem nærri má geta, hafði hann engan tilsögn hlotið í þeim fræðum, sem nú þykir nauðsynlegt að hafa á valdi sínu til að geta stundað ljósmóðurstörf. Snyrtimennska var honum heldur ekki í blóð borin. ... Sagt var, að komið hafi fyrir oft en einu sinni, að beðið væri eftir honum í lendingunni, þegar hann koma að landi úr róðri, og hann beðinn að hjálpa konu í barnsnauð. Hafi þá viðbrögð hans verið þau að fyrst bölvandi hann Bjarneyingum hressilega fyrir að barna

kerlingar sínar alltaf á versta tíma, síðan kastaði hann af sér sjóklæðum og vettlingum og staulaðist upp úr vörinni. Í búðardyrnum signdi hann sig, bað guð að hjálpa sér og gekk síðan ótrauður til verks. Konuna yfírgaf hann ekki, fyrr en barnið var fætt og hann hafði skilið á milli. Þá rauk hann á dyr, að soðningunni heima hjá sér, og sagði, að ekki þyrfti frekari aðgerð við. Reyndist það og svo, því aldrei veiktist kona eða dó af barnsburði, er Eyjólfur kom nærri. Voru þó margar konur í Bjarneyjum á þeim árum, og ærið frjósamar flestar. Hann var spurður, hvað hann gerði, ef ekki gengi allt með eðlilegum hætti hjá konum. Ég strýk þá barnið úr klofinu á þeim, svaraði hann. Og hvernig sem þeim strokum hefur verið háttað, var það haft eftir þeim konum, sem Eyjólfur hjálpaði, að engan vildu þær frekar hafa hjá sér við barnsburð en hann. Þótti það nær einsdæmi og ganga kraftaverkum næst, hversu vel honum lánuðust þessi störf.“ (Bjarneyjar)